



Samband íslenskra sveitarfélaga

Ársreikningar sveitarfélaga 2013

Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 5. tbl. 2014



© Samband Íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ritstjóri og ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson

2014/18

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*

Inngangur

Niðurstöður A-hluta ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2013 liggja nú fyrir. Alls bárust reikningar rafrænt frá 65 sveitarfélögum af 74. Í þeim sveitarfélögum sem niðurstöður fyrir árið 2013 byggja á búa 99,7% íbúa landsins. Þannig er hér um að ræða heildarniðurstöður um afkomu sveitarfélaganna á síðasta ári.


Lögd er áhersla á að birta niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaganna eins fljótt og hægt er, þannig að upplýsingar um afkomu sveitarfélaganna á liðnu ári séu tiltækar þeim sem málið varðar. Það skiptir sveitarfélögin máli að fá þessar niðurstöður sem fyrst, bæði fyrir sitt innra starf svo og fyrir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarfélögunum er skipt upp í fjóra flokka til að fá gleggri heildarmynd af stöðu þeirra. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur
- Vaxtarsvæði (sveitarfélög frá og með Árborg til og með Borgarbyggð (að höfuðborgarsvæðinu undanskildu), Akureyrarkaupstaður, Fljótshálsa og Fjarðabyggð)
- Önnur sveitarfélög

Almennt má segja að jákvæð þróun síðustu ára í fjármálum sveitarfélaga hafi haldið áfram á árinu 2013. Afkoma sveitarfélaga batnar í heildina tekið og fjárhagslegur styrkur þeirra fer vaxandi.

Mynd 1. Þróun tekna, gjalda og veltufjár frá rekstri A-hluta sveitarsjóðs



Heildartekjur sveitarfélaga jukust um 8,5% að nafnvirði frá fyrra ári. Það á sér stað meðal annars vegna launahækkana vegna kjarasamninga og aukinna umsvifa í samfélaginu.


Þar sem niðurstöður liggja ekki fyrir frá öllum sveitarfélögum innan hvers flokks, þá er niðurstaðan blásin upp hlutfallslega þar sem þess þarf. Síðan eru niðurstöður hvers flokks lagðar saman og fæst þá út heildarniðurstaða. Þannig eru möguleg frávik lágmörkuð þegar niðurstöðurnar eru uppfærðar fyrir heildina.

Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2013. A-hluti sveitarsjóðs er að stærstum hluta fjármagnaður með skatttekjum og skilur hann sig þannig frá B-hluta, sem er að mestu eða öllu leyti fjármagnaður með þjónustugjöldum. Undir A-hluta falla verkefni eins og fræðslumál, félagsþjónusta, umhverfismál, æskulýðs- og íþróttamál og skipulagsmál. Staða og afkoma A-hlutans ræður mestu um heildarafkomu sveitarfélagsins því hann er nokkurs konar bakhjarl gagnvart B-hlutafyrirtækjum ef þau þurfa á aðstoð að halda. Á hinn bóginn er takmörkunum háð hvað hægt er að flytja af fjármagni frá B-fyrirtækjum til A-hlutans með arðgreiðslum ef þau eru rekin með góðri afkomu.

Tafla 1. Skil ársreikninga

	Reykjavík	Hlutf. af heild	Höfuðsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtar-svæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarf.	Hlutf. af heild	Samtals 2012
Íbúafjöldi	121.230	37,2%	87.522	26,9%	72.133	22,1%	44.786	13,8%	325.671
Íb. í svf. sem hafa skilað	121.230		87.491		72.133		43.896		324.750
Fjöldi sveitarfélaga	1		6		16		51		74
Fjöldi svf. sem hafa skilað	1		5		16		43		65
Útsvarsprós. (vegið meðaltal)	14,40%		14,34%		14,47%		14,47%		14,44%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		99,96%		100,0%		98,0%	99,7%

Mynd 2. Fjárfestingar (m.kr.)



Niðurstöður úr rekstri A-hluta sveitarfélaga

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um niðurstöður úr rekstrarreikningi A-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2013. Þar eru bæði settar fram niðurstöður fyrir einstaka flokka og síðan fyrir heildina. Til samanburðar eru einnig gefnar upp heildarniðurstöður úr rekstri A-hluta frá árinu 2012.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,9% milli áráanna 2012 og 2013 þegar miðað er við meðaltal vísitölu neysluverðs hvors árs fyrir sig. Það gefur nokkuð góða hugmynd um hver almenn verðþróun hefur orðið að jafnaði á tímabilinu.

Tafla 2. Rekstrarreikningur fyrir árið 2013 (m.kr.)

A hluti	Reykjavík	Höfuðbsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2013	Samtals 2012
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs	60.650	43.167	33.323	20.816	157.956	146.938
Framlag jöfnunarsjóðs	5.296	4.339	9.433	8.377	27.446	25.217
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	13.811	7.656	9.175	6.754	37.396	33.257
Tekjur	79.757	55.162	51.931	35.947	222.797	205.412
Laun og launatengd gjöld	40.298	27.723	26.803	18.162	112.985	109.901
Annar rekstrarkostnaður	32.228	19.630	19.290	14.096	85.244	76.694
Samtals breytilegur kostnaður	72.526	47.353	46.093	32.257	198.229	186.595
Framlegð (tekjur - breytileg kostn.)	7.232	7.810	5.837	3.690	24.568	18.817
Afskriftir	3.573	2.557	2.602	1.258	9.991	9.591
Samtals gjöld	76.099	49.910	48.696	33.515	208.220	196.186
Niðurst. án fjármunal. og óreglulegra l.	3.658	5.252	3.235	2.431	14.577	9.226
Framlegð % af tekjum	9,1%	14,2%	11,2%	10,3%	11,0%	9,2%

Heildartekjur sveitarfélaganna (A-hluta) á árinu 2013 voru 222,8 ma.kr. á sama tíma og þær voru 205,4 ma.kr. á árinu 2012. Það er hækking um 17,4 ma.kr. Þá er ekki tekið tillit til verðryrnunar krónunnar vegna verðbólguáhrifa. Tekjur sveitarfélaga af sérstakri útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar námu tæplega 1,4 ma.kr. á árinu 2013. Það er lækking um 0,7 ma.kr. frá fyrra ári. Hafa ber þá fjárhæð í huga þegar afkoma sveitarfélaganna er metin því tekjur þeirra af sérstakri útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar eru einungis tímabundnar meðan sú aðgerð stendur yfir.

Skatttekjur eru 222,8 ma.kr. og hækkuðu um 11,0 ma.kr. frá árinu 2012, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru 27,4 ma.kr. og hækkuðu um 2,2 ma.kr. Þjónustutekjur eru 37,4 ma.kr. og hækkuðu um 4,1 ma.kr. frá árinu 2012. Rekstrarkostnaður A-hluta sveitarsjóða nam samtals 198,2 ma.kr. á árinu 2013. Það er 11,6 ma.kr. hærri fjárhæð en á árinu 2012. Heildarlaunagreiðslur voru 113,0 ma.kr. á árinu 2013 og hækkuðu úr 109,9 ma.kr. frá árinu 2012. Annar kostnaður hækkar hins vegar um 8,6 ma.kr. eða úr 76,7 ma.kr. í 85,2 ma.kr.

Heildarframlegð jókst um 5,8 ma.kr. eða 30% milli ára. Hún er nú 24,6 ma.kr. á móti 18,8 ma.kr. árið 2012.

Nokkuð mismunandi er hvort sveitarfélögin sérgreina reiknaðar breytingar á lífeyrisskuldbindingum í ársreikningi eða hvort sá liður er felldur inn í liðinn „Laun og

launatengd gjöld“. Því getur verið um nokkuð misræmi á milli einstakra sveitarfélaga að ræða þegar ársreikningar eru skoðaðir. Hér eru allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum reiknaðar með launum og launatengdum gjöldum og hafa þannig áhrif á útreikning framlegðar.

Rekstrarleg afkoma sveitarfélaganna er því í heildina tekið enn betri á árinu 2013 en á árinu 2012 þrátt fyrir að hafa verið góð á fyrra ári. Framlegð af rekstri sveitarsjóða á landinu öllu voru 24,6 ma.kr. á árinu 2013 á móti 18,8 ma.kr. á árinu 2012. Hún hefur því hækkað um rétt 30% milli ára. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er 11,0% á árinu 2013 samanborið við 9,2% á árinu 2012. Lægst er framlegðin sem hlutfall af tekjum hjá Reykjavíkurborg eða 9,1% en hæst er hún hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 14,2%.

Tafla 3. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)

A hluti	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2013	Samtals 2012
Niðurstaða án fjármunal. og óreglulegra l.	3.658	5.252	3.235	2.431	14.577	9.227
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	-651	-2.572	-2.574	-459	-6.256	-8.041
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	3.008	2.681	660	1.972	8.321	1.186
Óreglulegir liðir	0	-125	1.495	-23	1.347	1.571
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	3.008	2.556	2.155	1.950	9.668	2.757
Rekstrarniðurst. fyrir ó.l. sem % af tekjum	3,8%	4,9%	1,3%	5,5%	3,7%	0,6%

Niðurstaða úr fjármagnsliðum og rekstrarniðurstaða fyrir og eftir óreglulega liði fyrir árið 2013 kemur fram í töflu 3. Mikil breyting átti sér stað á niðurstöðu fjármagnsliða á árinu 2013 miðað við árið 2012. Ástæða þess er fyrst og fremst hagstæð þróun á gengi krónunnar á árinu 2013 svo og lækkun vaxta. Útkoma fjármagnsliða er einna slökust hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“. Þar eru skuldir einna mestar svo þessi niðurstaða kemur því ekki á óvart.

Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði gefur upplýsingar um afkomu sveitarfélaganna af hefðbundnum tekjustofnum og þeim gjöldum sem tengjast hefðbundnum rekstri þeirra. Á árinu 2013 er rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði jákvæð um 8,3 ma.kr. samanborið við 1,2 ma.kr. á árinu 2012. Reksturinn hefur því batnað verulega í heildina tekið. Þessi niðurstaða er samspil ýmissa þátta, s.s. aukinna tekna, hagkvæmari rekstrar og lækkunar fjármagnskostnaðar. Einnig hefur það nokkur áhrif að ýmis sveitarfélög hafa m.a. verið að skuldbreyta lánum yfir í hagstæðari kjör þar sem það hefur verið mögulegt.

Óreglulegir liðir eru áþekkir og á fyrra ári eða nálægt 1,5 ma.kr. Það eru tekjur eða gjöld sem falla utan við hefðbundinn rekstur sveitarfélaganna og eiga sér stað einu sinni eða mjög sjaldan. Þar má til dæmis nefna söluhagnað eigna eða eignarhluta í fyrirtækjum, kostnað vegna náttúruhamfara og annað álíka. Öll samanburðarfræði milli einstakra sveitarfélaganna og milli ára verður erfiðari og ómarkvissari ef slíkir liðir lenda óskilgreindir inni í rekstraruppgjöri sveitarfélaganna. Sérstaklega á það þó við í þeim tilfellum þegar um stórar fjárhæðir er að ræða.

Hlutfall framlegðar af heildartekjum hefur vaxið úr 9,2% í 11,0% á milli ára. Hlutfallið er reyndar nokkuð mismunandi milli einstakra flokka.

Tafla 4. Efnahagsreikningur (m.kr.)

A hluti	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2013	Samtals 2012
Fastafjármunir	127.888	115.826	110.785	52.750	407.249	391.388
Veltufjármunir	19.546	8.702	11.294	9.377	48.919	56.458
Eignir	147.434	124.528	122.079	62.127	456.169	447.846
Eigið fé	85.230	39.516	41.222	28.658	194.626	183.630
Langtímaskuldir	36.525	53.320	54.749	15.830	160.424	163.101
Skammtímaskuldir	14.041	15.028	14.044	8.214	51.328	51.902
Heildarskuldir án skuldbindinga	50.567	68.348	68.793	24.044	211.752	215.003
Skuldbindingar	11.637	16.665	12.064	9.425	49.791	49.213
Heildarskuldir og skuldbindingar	62.204	85.012	80.857	33.469	261.543	264.216
Skuldir og eigið fé	147.434	99.845	89.037	54.486	456.169	447.846
Veltufjárhlutfall (veltufjárm./skammtímask)	1,4	0,6	0,8	1,1	1,0	1,1

Í töflu 4 kemur fram niðurstaða úr efnahagsreikningi sveitarfélaga á árinu 2013. Breytingar á honum eru frekar litlar milli ára. Heildareignastaða hefur breyst mjög lítið. Skuldbindingar eru óbreyttar, langtímaskuldir hafa lækkað um 2,7 ma.kr. og skammtímaskuldir um 0,6 ma.kr. Eigið fé hefur hækkað milli ára um 11,0 ma.kr. Eiginfjárhlutfall segir reyndar ekki mikla sögu í þessu samhengi því verðmæti fastafjármuna (skólahúsnæðis, íþróttamannvirkja og annarra mannvirkja sveitarfélagsins) er yfirleitt miðað við stofnfjárvirði. Verðmat á mannvirkjum sveitarfélaga er háð allt öðrum lögmálum en verðmat á mannvirkjum sem ganga kaupum og solum á almennum markaði.

Veltufjárhlutfallið (hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda) er á hinn bóginn kennitala sem vert er að gefa gaum. Það hefur lækkað hjá heildinni milli ára og er nú 1,0 á móti 1,1 á árinu 2012. Hlutfallið hefur heldur lækkað hjá „Reykjavíkurborg“ og „Vaxtarsvæðum“. Almennt er miðað við að veltufjárhlutfall eigi ekki að vera lægra en 1,0 til að lausafjárstaðan sé í ásættanlegu ástandi. Því meir sem hlutfallið fer undir 1,0 (skammtímaskuldir hærri en lausafé), því meiri líkur eru á því að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum til skemmri tíma lítið við að standa við skuldbindingar sínar á réttum tíma með tilheyrandi aukningu á vaxtakostnaði. Hæst er veltufjárhlutfallið hjá „Reykjavíkurborg“ eða 1,4 en lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 0,6 sem er heldur betri staða en á fyrra ári.

Hafa ber í huga að víða eru kröfur A-hluta sveitarsjóðs á B-hluta fyrirtæki færðar sem eignir (viðskiptakröfur) í ársreikningi. Í fæstum tilvikum er um að ræða kröfur sem verða greiddar. Hér er oftast um að ræða rekstrarhalla hjá hafnarsjóðum og/eða félagslegum íbúðum. Sveitarsjóðir hafa lagt fram fjármuni til að mæta rekstrarhalla viðkomandi B-hluta fyrirtækja en fá þá í fæstum tilvikum greidda til baka. Engu að síður eru þessir fjármunir skráðir sem eign hjá A-hluta en jafnast út þegar samstæðureikningur sveitarsjóðs er settur upp. Sökum þessa er veltufjárhlutfall hjá A-hluta sveitarfélaga oft ofmetið.

Fjármagnskostnaður lækkaði verulega milli ára eða úr 11,1 ma.kr. í 6,3 ma.kr. Að hluta til er það vegna styrkingar krónunnar og lægri vaxta.

Tafla 5. Sjóðstreymi (m.kr.)

A hluti	Reykjavík	Höfuðbsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2013	Samtals 2012
Veltufé frá rekstri	6.840	5.879	5.030	3.910	21.660	19.716
Handbært fé frá rekstri	6.756	6.868	5.794	4.136	23.554	20.444
Veltufé frá rekstri % af tekjum	8,6%	10,7%	9,7%	10,9%	9,7%	9,6%
Veltufé frá rekstri % af langtímaskuldum	18,7%	11,0%	9,2%	24,7%	13,5%	12,1%
Fjárfestingarhreyfingar	8.505	3.845	3.420	3.241	19.012	14.288
Fjármögnunarhreyfingar	-243	-3.429	-4.713	-2.627	-11.012	-8.303
Hækkun/lækkun á handbæru fé	-1.908	-1.394	-3.103	-1.959	-8.364	-2.147

Niðurstöður um sjóðstreymi A-hluta sveitarsjóða á árinu 2013 koma fram í töflu 5.

Veltufé frá rekstri hækkar milli ára um tæpa 2,0 ma.kr. og er það framhald á þróun fyrri ára. Sú þróun hefur í för með sér að rekstur sveitarfélaganna skilar að jafnaði meiri fjármunum til að standa undir afborgunum af lánum og nýfjárfestingum. Staða veltufjár frá rekstri er einnig jafnari milli einstakra flokka en á árinu þar á undan.

Þegar veltufé frá rekstri er reiknað sem hlutfall af langtímaskuldum þá kemur í ljós hve mörg ár tekur að greiða upp öll langtímalán ef veltufé frá rekstri breytist ekki á næstu árum og það er allt nýtt til að greiða niður lán. Vitaskuld er hér um að ræða aðferðafræði sem gengur ekki upp í reynd en getur verið til glöggvunar á fjárhagslegum styrk einstakra sveitarfélaga eða flokkum þeirra. Hjá Reykjavíkurborg er hlutfallið 18,7% sem er mjög álíka og árið 2012. Niðurstaðan er því að það muni taka borgina rúm fimm ár að greiða upp öll langtímalán A-hluta, ef öllu því sem afgangsværi þegar búið er að greiða daglegan rekstur væri ráðstafað til þeirra hluta. Staðan er nokkuð lakari hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en þar mun taka um níu ár að greiða upp allar langtímaskuldir ef veltufé helst óbreytt. Það er áþekkt og á fyrri ári. Á „Vaxtarsvæðum“ er staðan heldur lakari en þar mun taka tæp 11 ár að greiða upp öll langtímalán að óbreyttu. Það er nokkur bæting frá fyrri ári. Hlutfallið er hagstæðara hjá „Öðrum sveitarfélögum“ eða 24,7% sem er heldur betra hlutfall en fyrir ári síðan. Það mun taka sveitarfélög í þessum flokki um fjögur ár að jafnaði að greiða upp öll langtímalán með óbreyttu veltufé. Hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum er í heildina mjög áþekkt á árinu 2013 og á árinu 2012 eða um 13,5%. Það mun því taka öll sveitarfélög landsins 7,4 ár að jafnaði að greiða upp allar langtímaskuldir miðað við óbreytt veltufé og það færi eingöngu til þessa verkefnis.

Niðurstaða þessa er að allnokkur sveitarfélög verða áfram að leggja þunga áherslu á að auka veltufé frá rekstri til að styrkja stöðu sína til að geta staðið undir afborgunum langtímalána og lagt fé í nýfjárfestingar, ef tekin er ákvörðun um þær. Þeim árangri verður fyrst og fremst náð með hagræðingu í daglegum rekstri og markvissri fjármálastjórn.


Þegar tekið er tillit til reiknaðra liða er rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði jákvæð um 3,7% af heildartekjum samanborið við 0,6% árið 2012.

Þróun nokkurra kennitalna

Við mat á því hvernig fjármál sveitarfélaga hafa þróast er gagnlegt að setja upp yfirlit um hvernig ákveðnar lykiltölur hafa þróast. Hér á eftir er birt yfirlit um nokkrar kennitölur sem lýsa þróun í fjármálum sveitarfélaga á árunum 2008-2013. Þær eru settar upp bæði fyrir einstaka flokka og síðan fyrir landið í heild.

Veltufé frá rekstri er 21,7 ma.kr. og hefur vaxið um 2,0 ma.kr. á milli ára.


Mynd 3. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum



Á mynd 3 kemur fram að þróun framlegðar sem hlutfalls af heildartekjum hefur verið nokkuð mismunandi hjá einstökum flokkum á síðustu árum. Hlutfallið hefur þó heldur vaxið á heildina lítið á tímabilinu. Það hefur vaxið ár frá ári hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ að undanskildu árinu 2013 og verið mjög breytilegt á „Vaxtarsvæðum“ en verið þó sýnu best á liðnum tveimur árum. Hlutfallið hefur verið nokkuð jafnt hjá „Öðrum sveitarfélögum“ en nokkuð breytilegt hjá Reykjavíkurborg. Þó sker árið 2011 sig nokkuð úr. Hvað heildina varðar þá hefur hlutfall framlegðar af heildartekjum farið batnandi með hverju árinu sem liðið hefur frá árinu 2008.

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum skýrir betur út hve stór hluti af heildartekjum sveitarfélaganna er til ráðstöfunar til að greiða afborganir af skuldum og/eða til nýfjárfestinga eftir að búið er að greiða allan breytilegan kostnað.


Mynd 4. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum



Fjárfestingar námu 19 ma.kr. á árinu 2013. Þær eru 5,7 ma.kr. hærri en árið 2012. Tæp 40% fjárfestinga sveitarfélaga er hjá Reykjavíkurborg.

Hér kemur fram að veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum er mjög jafnt hjá „Reykjavíkurborg“ á tímabilinu en hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ var það lágt fyrstu þrjú árin en hefur batnað verulega á síðustu þremur árum. Á „Vaxtarsvæðum“ hefur það batnað árlega með einni undantekningu en nokkur breytileiki hefur verið hjá „Öðrum sveitarfélögum“ á tímabilinu. Mikill breytileiki er hins vegar á milli einstakra flokka í hvernig þessi kennitala hefur þróast. Í heildina tekið hefur þróunin verið stöðug á tímabilinu.

Mynd 5. Veltufjárhlutfall




Hér kemur glögggt fram hve veltufjárhlutfall (hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda) er misjafnt milli einstakra flokka. Reykjavíkurborg heldur góðu veltufjárhlutfalli öll árin á meðan veltufjárhlutfallið er lágt flest árin hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“. Veltufjárhlutfallið lækkar síðan nokkuð á „Vaxtarsvæðum“ og hjá „Öðrum sveitarfélögum“. Fyrir landið í heild lækkar hlutfallið heldur. Engu að síður er það vel yfir ásættanlegum viðmiðunarmörkum.

Að lokum er fróðlegt að skoða hlutfall langtímaskulda og veltufjár frá rekstri. Niðurstaðan gefur til kynna hve mörg ár sveitarfélagið er að greiða upp allar langtímaskuldir miðað við að allt veltufé frá rekstri sé árlega notað til þess. Vitaskuld er þetta varla raunhæft markmið en gefur engu að síður til kynna hve auðvelt sveitarfélagið á með að standa við skuldbindingar sínar. Því færri ár sem það tekur að greiða upp lánin því hagstæðara er hlutfallið þarna á milli og stöðugleikinn í fjármálum sveitarfélagsins meiri.

Niðurstaðan kemur fram í mynd 6.

Mynd 6. Árafjöldi sem tekur að greiða upp langtímaskuldir með veltufé frá rekstri



Á mynd 6 kemur fram hvernig þessi lykiltala hefur þróast á tímabilinu frá 2008. Hlutfallið hefur aðeins hækkað hjá „Reykjavíkurborg“ en er engu að síður mjög gott. Miklar sveiflur hafa verið hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ á tímabilinu. Veltufé var lágt og skuldir mjög háar fyrst eftir hrunið en glögggt kemur fram hve hlutfallið hefur batnað á síðustu þremur árum. Minni sveiflur hafa verið á „Vaxtarsvæðum“ en þróunin verið í rétta átt. Ekki er sett inn tala fyrir árið 2009 hjá þessum flokki þar sem veltufé frá rekstri var neikvætt á árinu og útkoman því ómarktæk. Tiltölulega litlar breytingar hafa átt sér stað hjá „Öðrum sveitarfélögum“ á tímabilinu. Staðan er mjög góð og hefur farið batnandi á síðustu árum. Þegar staðan er metin yfir landið allt er hún í það heila tekið góð og hefur farið batnandi frá árinu 2010. Þar kemur tvennt til, veltufé frá rekstri hefur farið vaxandi og sveitarfélögin hafa greitt niður skuldir.

Hlutfall veltufjár frá rekstri af langtímaskuldum hefur vaxið verulega á síðustu árum sem leiðir af sér aukinn stöðugleika í fjármálum sveitarfélaga.

